



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 27. maí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Kolbeinn H. Stefánsson, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Rán Reynisdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Reinhold Richter. Katrín Baldursdóttir, Jóhann Helgi Heiðdal og Hjalti Hrafn Hafþórsson voru með í gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerðir síðustu funda

Enn eru tvær síðustu fundargerðir ósamþykktar.

2. Um störf fundarstjóra

a. Lýðræði innan stjórnar, líðan stjórnarfólks og b. Þörf á starfsreglum/siðareglum stjórnar

Ekki hafa verið gerðar miklar athugasemdir við fundina hingað til né voru þær gerðar á þessum fundi. Fundirnir byggja á almennum fundarsköpum. Frestað var að ákveða hvort mótaðar verði sérstakar starfsreglur/siðareglur og yrði það þá gert í samstarfi við aðrar stjórnir. Hins vegar er stefnt að því að setja starfsreglur fyrir Maístjórnuna. Kolbeinn bauðst til að finna dæmi um slíkar reglur.

3. Maístjarnan

a. Athugasemdir vegna samþykktar félagsfundar um verksvið styrktarsjóðsins

Sumum fannst við ekki hafa nógu skýra mynd af því hvað flokkist undir verksvið Maístjórnunnar.

Katrín bar fram tillögu um að Maístjarnan hætti að úthluta peningum fyrr en búið verði að stofna Maístjórnuna formlega sem sér félag með skýrari úthlutunarreglum. Umræðum um tillöguna var frestað.

b. Erindi frá Reykjavík Rhizome/Rótarskot Reykjavík, framhaldsumræður

Ýmsar skoðanir komu fram varðandi styrkumsóknina, tveir sátu hjá, fjórir vildu meiri upplýsingar og fimm fannst þetta ekki flokkast undir verksvið Maístjórnunnar. Gunnar Smári bar þá fram tillögu

um að að Sanna sendi Reykjavík Rhizome/Rótarskoti Reykjavík bréf og hafni stuðningi að þessu sinni, með möguleika á stuðningi í framtíðinni. Tillagan var samþykkt samhljóða.

c. Annað

Lagt var til að Félag leigjenda hjá félagsbústöðum fengi styrk fyrir stofnun kennitölu og stofnfundi um allt að 20.000 kr. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Fundir og félagsstarf framundan

a. Almennur félagsfundur eldri sósíalista

Stefnt að fundi 13. júní.

b. Kjörnefnd og borgarstjórnarflokkur

Stefnt að Sósíalistakaffi kjörnefndar og nefndarfundi 12. júní.

c. Málþing um umhverfismál (málefnastrjórn)

Samráðsfundur milli stjórna í flokknum kemur sér saman um fundartíma.

d. Fundir um einstök málefni vegna málefnanefnda

Til að laða fólk til starfa í málefnanefndunum sem samþykkt var að stofna á Sósíalistabíngi þykir þörf á að halda fundi um þau málefni sem taka á fyrir.

e. Starfsdagur stjórna

Hentugur tími fyrir fyrirhugaðan starfsdag stjórna er enn óljós.

5. Fjármál

Staða á reikningum. Flokkurinn: 22.020 kr., Maístjarnan: 2.229.671 kr.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið.